

3.6.2016

Góðan daginn gott fólk,

Fyrir hönd Kjarnafæði þá er þetta innlegg í þessa umræðu:

Að mörgu leyti fagna ég þessari breytingu, það þarf þó að tryggja að þessi lækun(sem vonandi mun verða í kjölfari breytinga) renni meira og minna í vasa neytenda, annars er hún til lítils!

Breytingin kveikir þó líka hjá mér ákveðinn ótta, ekki lítinn heldur mikinn, ekki bara fyrir mig heldur fyrir öll fyrirtækin sem falla undir mjólku-og kjötiðnað!!

Ótti minn er sá að fyrir okkur þau fyrirtæki sem starfa í og við framleiðslu á landbúnaðarafurðum og hlýtum regluverki ESB verðum „auð drepinn“ af sterkum heildsölum/smásölum eða einyrkjum sem munu reka sýna sölu í gegnum t.d. frystigám.

Þessi fyrirtæki hljóta ekki því regluverki sem við sem erum í iðnaðinum eru gera. Það er afar mikilvægt eða jafnvel lífs nauðsynlegt að tryggja að þessi kvóti verði bundin við þau fyrirtæki sem hafa til þess réttamætar heimildir að framleiða og selja afurðir þeas vinnsluleyfi(Efta húsnúmerin), því annars mun iðnaðurinn sem slíkur bera skaða af, á því er engin vafi að mínu mati.

Eins og þú veist þá kostaði það kjötiðnaðinn mikla peninga(ég þekki ekki hvernig það er í mjókinni) að fjárfesta og aðlaga húsakost og verkferla að þessu breytta regluverki sem tók gildi 2011, sem ég segi gjarnan að hafi verið þroskandi fyrir okkur aðila í greininni, því ekki með öllu slæm.

Á móti þeim kostnaði var loforð um styrk til þeirra aðila sem í framkvæmdir þurftu(allar kjötvinnslur í landinu) frá ESB, enda styrkveitingar eðlilegar þegar verið er að vinna að aðlögunarbreytingum.

En engir styrkir fengust upp í þetta, einhver andskotans(afsakaðu orðalagið mig sviður þetta bara svo mikið) skrifinnska eða skrifræði sem olli því að þáverandi landbúnaðarráðherra hr. Jón Bjarnason afþakki þennan stuðning frá djöflinum, líkt og hann orðaði það. Eftir stóðu veikari fyrirtæki sem fjárfestu í húsnæði og verkferlum án virðisauka, þó við getum sagt að framleiðsluferla séð höfum við tekið mörgum skrefum fram á við(og ekki var lítil þörf á því, fyrir það er ég þakklátur).

En ég ítreka, til þess að tryggja að IÐNAÐURINN gefi ekki meira eftir og hreinlega deyji út, þá tel ég það mikilvægast af öllu mikilvægu að Samtök Iðnaðarins muni í ljósi þess sem ég hef að ofan sagt, berjist fyrir því að innfluttningur á kjöti og mjólk verði staðbundinn við tilskilin vinnsluleyfi/húsleyfi enda hafa þessi fyrirtæki aðlagað sig nú þegar að regluverki ESB. Það er ekki boðlegt að hver sem er geti flutt inn vörur og eins og ég til þess þekki og unnið þær á sínum stöðum án þess að húsakostur eða framleiðsluþekking sé til staðar, þetta er gríðarlegt hagsumarmál okkar allra.

Þetta er okkar innlegg, ég er þess nokkuð viss að um þetta muni myndast þétt samstaða.

Mbk. Gulli



Gunnlaugur Eiðsson

Framkvæmdastjóri
gulli@kjarnafaedi.is

Sími: 460-7430 | Farsími: 840-7430
Heimasíða www.kjarnafæði.is